

**Nefndarsvið Alþingis**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2010.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006. 138. löggjafarþing, þingskjal 652 – 359. mál.**

Vísað er til tölvupósts Nefndarsviðs Alþingis um umsögn um breytingu á ofangreindum lögum um auknar heimildir ráðherra um tiihögun vísindaveiða í reglugerð.

Ekki verður annað séð en að upplýsingar sem ætlað er að afla með fyrirhuguðum „vísindaveiðum“ liggja nú þegar fyrir að mestu eða öllu leyti hjá útgerðum, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni og skipstjórnarmönnum. Það sem kann að vanta uppá er líklegast auðvelt að afla í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og án sérstakra „vísindaveiða“.

Samtök fiskvinnslustöðva eru þess vegna á móti því að frumvarpið verði að lögum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram.


„Í því sambandi má líta til þróunarinnar í Barentshafi þar sem rannsóknir VNIRO, hafrannsóknastofnunarinnar í Murmansk, hafa leitt í ljós að þorsstofninn í Barentshafi er umtalsvert stærri en áður var talið. Þær niðurstöður fengust með því að vísindamenn fylgdust náið með fiskiskipum að veiðum, aflabrógðum þeirra og yfirborðshita og ástandi sjávar hverju sinni. Tekið var tillit til þess við úrvinnsluna **hvernig skip voru á veiðum á hverjum stað, gerðar veiðarfæranna, toghraða og afla á togtíma**. Niðurstaða mælinganna gaf til kynna að þorsstofninn í Barentshafi væri meira en helmingi stærri en Alþjóðahafrannsóknastofnunin hafði áður talið.“

„Með þeirri breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem frumvarpið kveður á um væri ráðherra heimilt að leyfa takmörkuðum fjölda íslenskra fiskiskipa – togara, línubáta, snurvoðarbáta, netabáta og handfærabáta – **að veiða frjálst í tiltekinn tíma** og safna um leið mikilvægum upplýsingum til þess að byggja veiðiráðgjöf og ákvarðanir á. Þarna gætu akademísk vísindi og reynsluvísindi sameinast á árangursríkan hátt.“

„Gert er ráð fyrir að kostnaður af vísindaveiðunum verði greiddur með tekjum af afla sem fæst við veiðarnar.“

Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva



Guðbergur Rúnarsson